



Borgarráð

Íþróttafélagið Víkingur - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Traðarland 1.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli Knattspyrnufélagsins Víkings.

Greinargerð: Með bréfi til borgarráðs dags. 9. apríl 2018 óskaði formaður Víkings eftir því að Reykjavíkurborg tæki til skoðunar lagningu gervigrass á aðalvöll félagsins við Traðarland og sleppa því að endurnýja grasæfingasvæði félagsins við Traðarland

Þann 12. apríl 2018 samþykkti borgarráð tillögu borgarstjóra um að fallast á erindi Víkings um gervigras á aðalvöll félagsins.

Samkvæmt samkomulaginu tekur Reykjavíkurborg að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður búnaður sem tilheyrir vellinum svo sem mörk og sópur fyrir gervigrasvöll endurnýjað. Reynt verður að koma tæknibúnaði fyrir völlinn í rýmum undir stúku en ef slíkt reynist óframkvæmanlegt mun Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins með léttri byggingu eða gámum sem verða innréttaðar samkvæmt þörfum og felld að núverandi umhverfi. Reykjavíkurborg mun einnig endurnýja heimaæð fyrir svæðið sé þess þörf. Fyrirhugaður kostnaður við ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar 300 milljónir

Óskað er eftir að borgarráð heimili Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að setja vinnu strax af stað með að hanna, bjóða út framkvæmd og efniskaup sem og vinnu við að breyta deiliskipulagi vegna flóðljósa. Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mun sjá um alla framkvæmdina.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samkomulag við Víking

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Knattspyrnufélagið Víkingur, kt. 700269-0789, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt Víkingur, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Traðarland.

1. Breytingar á aðalvelli.

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður búnaður sem tilheyrir vellingum svo sem mörk og sópur fyrir gervigrasvöll endurnýjað. Reynt verður að koma tæknibúnaði fyrir völlinn í rýmum undir stúku en ef slíkt reynist óframkvæmanlegt mun Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins með léttri byggingu eða gámum sem verða innréttadar samkvæmt þörfum og felld að núverandi umhverfi. Reykjavíkurborg mun einnig endurnýja heimaæð fyrir svæðið sé þess þörf. Fyrirhugaður kostnaður við ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar 300 milljónir

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um samþykkt breytinga á deiliskipulagi.

Áætlað er að hefja framkvæmdir við gervigrasið sjálfst í september og áætlað að framkvæmdum verði lokið fyrir 1. nóv. 2018. Þá er stefnt á að öllum framkvæmdum við og í kringum völlinn lokið fyrir 15. maí 2019.

Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. Grasæfingasvæði Víkings

Samningsaðilar hætta við öll fyrri áform, um endurgerð grasæfingasvæðis Víkings við Traðarland ef málefni 1. gr. ganga eftir.

3. Framtíðaruppbygging á aðstöðu Víkings.

Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Víkingur hafa myndað starfshóp sem er að vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Víkings og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Starfshópurinn skilar þarfagreiningu og tillögum að framtíðaruppbyggingu fyrir félagsstarf Víkings 14. maí 2018.

Reykjavík 30.04.2018

F.h. Reykjavíkurborgar með

F.h. Víkings